

Skólaráðsfundur 20.3.2025

Mættir: Inga skólastjóri, Arngunnur aðstoðarskólastjóri, Vala fulltrúi starfsmanna, Sandra Gunnarsdóttir fulltrúi foreldrafélagsins, Alexandra Eir Andrésdóttir fulltrúi foreldra, Katrín Rós fulltrúi nemenda og Elvar Berg Helgason fulltrúi nemenda.

1. Umfjöllun um Orðarún- ósk frá síðasta fundi – kynntar niðurstöður úr prófinu fyrir hvern árgang sem lagt var fyrir í janúar. Kennarar þurfa að passa að setja inn hlutfall af heild þegar upplýsingar eru sendar á foreldra til að foreldrar viti nákvæmlega hvar börnin eru stödd. Væri gaman að fá ítarlegri samanburð á árgöngum og milli árganga aftur í tímann.
2. Niðurstöður foreldrakönnunar – farið yfir helstu niðurstöður. Skólinn er að koma misvel út en yfirleitt eru foreldrar drengja ánægðari með skólann heldur en foreldrar stúlkna. Þá er margt sem kemur vel út og annað sem þarf að bæta. Niðurstöðurnar verða settar inn á heimasíðu skólans.
3. Niðurstöður starfsmannakönnunar – skólinn er að koma vel út fyrir utan álag en starfsfólk upplifir mikið álag í vinnunni. Unnið verður áfram með niðurstöður og þær kynntar fyrir starfsfólki.
4. Niðurstöður úr könnun vegna samtalsdags þar sem nemendur stýrðu – 80 af tæplega 1000 foreldrum svöruðu. Hefði þurft að senda ítrekun til að fá betri svörun. Flestir foreldrar voru almennt ánægðir. Ætlum að halda áfram með kennarastýrð samtöl á haustin og nemendastýrð eftir áramótin.
5. Skipulag næsta skólaár – búið er að setja út auglýsingar fyrir kennara fyrir næsta skólaár. Fleiri auglýsingar munu bætast við á næstu dögum.
6. Önnur mál
 1. Bjöllur of háværar, spurning hvort það er hægt að hafa misháa hringingu eftir því hvar í skólanum bjallan er.
 2. Símar leyfilegir í Skarðinu – nemendur eru að taka upp myndbönd í Skarðinu, allir nemendur hangandi í símanum. Foreldrar óska eftir því að það sé símabann, sérstaklega hjá miðdeildinni. Óskað eftir því að það sé Youtube laust í félagsmiðstöð f miðdeild.
 3. Hljóðvist – bæta hana í matsal – spurning hvað sé hægt að gera?
 4. Dempa ljós á gangi í unglingadeild- er það möguleiki?
 5. Nota skjáinn í unglingadeild til að tilkynna um forföll – senda póst ef eitthvað fellur niður á morgnana.
 6. Eineltistilkynning þarf að vera á word skjali til að hægt sé að fylla beint inn í en ekki hafa þetta sem PDF. Kynna betur feril fyrir foreldrum. Fundi slitið 16:12